

# 3. Ársþing Karatesambands Íslands

7. desember 1986

Haldið í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal.

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning.
2. Kosning fastra starfsmanna þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:
  - Kjörbréfanefnd.
  - Fjárhagsnefnd.
  - Laga- og leikreglnanefnd.
  - Allsherjarnefnd.
  - Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.

- Þ I N G H L É -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda og fulltrúa á Íþróttþing.
12. Kjósnið 3 menn í karatedómstól og 3 til vara.
13. Þingslit

## 1. Þingsetning.

Þingið setti Karl Gauti Hjaltason, formaður KAÍ og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

## 2. Kosning fastra starfsmanna þingsins.

- a) Kosinn þingforseti, Hannes Hilmarsson.
- b) Kosinn þingritari: Hjalti Kristjánsson.

## 3. Kosning í þingnefndir.

- a) Kjörbréfanefnd: Karl Gauti Hjaltason, Þorsteinn Einarsson og Árni Einarsson.
- b) Fjárhagsnefnd: Sigþór Markússon, Gestur Skarphéðinsson og Sívía Gústafsdóttir.
- c) Laga- og leikreglnanefnd: Árni Einarsson, Rákel Steinarsdóttir og Jónína Olesen.
- d) Allsherjarnefnd: Karl Gauti Hjaltason, Ævar Þorsteinsson og Einar Guðbrandsson.
- e) Kjörnefnd: Gestur Skarphéðinsson, Einar Karl Karlsson og Sölvi Rafn Rafnsson.

Kjörbréfanefnd lauk störfum og voru 33 fulltrúar á þinginu úr 8 félögum og 3 héraðssamböndum, HSK, UMSK og ÍBR

## 4. Skýrsla stjórnar.

Formaður KAÍ, Karl Gauti Hjaltason, gerði grein fyrir skýrslu fráfarandi stjórnar. Hann kvartaði yfir því hve illa hafi gengið að koma henni saman og var þar ritvélarskortur sem aðallega háði því. Sagði hann desemberbyrjun óheppilegan tíma fyrir ársþing og mæltist til að þingi framtíðinni yrðu í október – nóvember. Hann minntist á góða frammistöðu landsliðsins í landskeppninni í Glasgow 26. október. Einnig talaði hann um NM og sagði það aðeins spurningu um tíma, hvenær Ísland eignaðst sinn fyrsta NM-meistara. Þá sagði hann að NM á Íslandi 1985 hefði tekist mjög vel, t.d. miðað við NM í Helsinki 1986. Í ljósi þess ættum við að geta látið Íslandsmót ganga betur.

Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, tók til máls og færði þinginu kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann óskaði stjórn KAÍ til hamingju með skýrsluna og KAÍ með árangur landsliðsins erlendis á árinu. Sveinn sagði afkomu KAÍ góða miðað við mörg önnur sambönd. Hann sagði framlög ÍSÍ til sérsambanda myndu hækka um 94% á árinu 1987. Einnig vék hann orðum að Lotto, sem nýfarið var í gang og sagði að með tilkomu þess mætti búast við stóruknu fjármagni inn í íþróttahreyfinguna. Ef að líkum léti þá þyrfti næsta stjórn KAÍ ekki að hafa áhyggjur af fjármálum sambandsins. Síðan sagði hann að ef stjórn KAÍ þyrfti að fara erlendis á fundi, þá væri bara að senda beiðni til ÍSÍ og fá frímiða. Lauk hann ræðu sinni á því að óska íþróttinni alls hins besta.

#### 5. Reikningar sambandsins.

Gjaldkeri var ekki mættur. Karl Gauti Hjaltason gerði lítillaga grein fyrir reikningunum í hans stað. Tillaga kom fram um að fresta þessum dagsskrárlið fram yfir þinghlé og sjá hvort gjaldkeri myndi ekki láta sjá sig og var það samþykkt.

#### 6. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Karl Gauti Hjaltason lýsti fjárhagsáætlun næsta árs. Stjórnin hafði tilbúna tillögu og bar fundarstjóri hana upp til atkvæða eftir að tillaga hafði komið um að fella út fjölda keppenda á mótum niður og var sú breyting samþykkt. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1987 var því samþykkt með þeirri breytingu.

#### 7. Lagabreytingar:

Tillögur til lagabreytingar voru engar.

#### 8. Aðrar tillögur og önnur mál.

Stjórnin lagði fram reglugerðir til samþykktar:

- Reglur um Íslandsmeistaramót.
- Reglur um sveitakeppni KAÍ.
- Reglur um nefndir.
- Reglur um landslið Íslands í karate.
- Reglugerðu um þátttökugjald á mótum.
- Reglugerð um karateljósmynd ársins.

Reglugerðunum var vísað til laga- og leikreglanefndar.

Ekki höfðu borist neinar tillögur til stjórnar. Stjórnin vísaði sínum tillögum til nefnda.

- ÞINGHLÉ -

Þinghlé var í 20 mínútur. Hléið var nýtt í það að snæða veitingar og nefndir störfuðu. Þingforseti þurfti að fara og var nýr þingforseti kjörinn, Einar Guðbrandsson.

#### 5. Reikningar sambandsins.

Reikningar teknir á dagsskrá. Gestur Skarphéðinsson skýrði reikningana. Karl Gauti Hjaltason kom einnig fram og hvatti til sölu á veifum. Hann minntist einnig á skuld KAÍ við Ólaf Wallevik og sagði að nú væri líklega fulluppgerð við hann. EKV-gjald er skuld sem er fyrir tvö síðustu ár. Karl Gauti sagði að leggja ætti áherslu á að afla fjármagns og þá ekki aðeins í gegn um styrki.

Reikningarnir samþykktir.

#### 9. Nefndarálit og tillögur.

Fjárhagnefnd:

Gestur Skarphéðinsson sagði að nefndin hefði byggt á fjárhagsáætlun, sem hann vildi meina að staðist ekki. Hann sagði að tekjuliðir væru of lágir og að kaupa ætti tölvu í stað ritvélar.

Laga- og leikreglanefnd:

Árni Einarsson, formaður nefndarinnar, kom með nokkrar breytingar við reglugerðir er stjórnin hafði lagt fram.

Reglugerðu um Íslandsmeistaramót.

- Breyting á 2. gr -> dagsetning kæmi fyrir.
- Einnig breyting á 5. gr varðandi aldursskiptingu unglunga á mótinu. Karl Gauti bað um að 5. gr yrði ekki breytt fyrir en allsherjarnefnd hefði komið með sínar tillögur. – Samþykkt.

Reglugerð um sveitakeppni KAÍ

- Breyting á varamönnum í 5 og 6. gr - samþykkt

Reglugerð um landsliðið

- Breyting á 2., 3. og 4. gr um samskipti landsliðsþjáfara og stjórn KAÍ. – Samþykkt

Reglugerðu um karateljósmynd ársins.

- Engar breytingar – Samþykkt óbreytt

Reglur um nefndir

- Engar breytingar – Samþykkt óbreytt

Reglugerð um þátttökugjald á mótum

- Engar breytingar – Samþykkt óbreytt

Allsherjarnefnd:

Karl Gauti Hjaltason kom með fimm tillögur úr nefndinni. Í fyrsta lagi vildi hann fresta sveitakeppninni vegna dómaraskorts og hafa í þess stað Unglingameistaramót. Karl Gauti vildi að kata unglunga yrði fellt út af Íslandsmeistaramótunum, því Unglingameistaramótið myndi þjóna þeim tilgangi betur nú. Það var samþykkt.

Árni Einarsson tók einnig til máls og studdi tillögur Karl Gauta, ennfremur ræddi hann um aldursflokka skiptingu á mótinu.

Reglugerð um Íslandsmeistaramót var því samþykkt með breytingum á 5. gr frá allsherjarnefnd og laga- og leikreglanefnd. Rætt var um að skipa nefnd til að setja reglugerð um Unglingameistaramót.

Samþykkt var tillaga frá Karli Gauta um að vísa því til stjórnar.

Ævar Þorsteinsson, Árni Einarsson og Jónína Olesen lögðu til að fundinn yrði ákveðinn tími fyrir sveitakeppnina.

Ákveðið var að hafa Unglingameistaramótið 7. febrúar n.k.

Miklar umræður urðu um aldursskiptingu á Unglingameistaramótinu.

Kjörnefnd:

Tekið með dagskrárlið 12 og 13.

#### 10. Önnur mál.

Allsherjarnefnd lagði til að KAÍ festi kaup á ritvél. Gestur Skarphéðinsson mótmælti því og vildi að keypt yrði tölva ef stjórnin sýndist það vænlegri kostur. Ævar Þorsteinsson tók til máls og studdi tillöguna um

ritvélakaupin. Menn ræddu heitt um þetta og líka hvort þingið væri réttur vettvangur fyrir slík mál. Ritvélarkaupin voru samþykkt með 14 atkvæðum gegn 6. Samþykkt var að kaupa videóupptökutæki eins flótt og unnt væri, umræður urðu um þetta og hvatti Ævar Þorsteinsson eindregið til kaupanna.

#### 11. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda og fulltrúa á Íþróttabing.

Komið var að því að kjósa menn í lögskipaðar nefndir KAÍ, mótanefnd og landsliðsnefnd. Bent var á Bjarna Ásgeirsson sem formann mótanefndar og var það samþykkt. Enginn bauð sig fram sem formann landsliðsnefndar.

Ævar Þorsteinsson bar upp þá tillögu að stjórn KAÍ sendu mánaðarlega út fundargerðir sínar. Karl Gauti og Gestur komu með breytingartillögu þess efnis að gera þetta á 2ja mánaða fresti en sú tillaga feld en sú fyrri samþykkt.

Formaður kjörnefndar, Gestur Skarphéðinsson, mæti með mönnum í stjórn:

Formaður: Karl Gauti Hjaltason  
Engin mótframboð bárust.

Í stjórn:

Stefán Alfreðsson  
Davíð Haralds  
Gestur Skarphéðinsson  
Gísli Pálsson

Engin mótframboð bárust.

Til vara voru fjórir í framboði:

Bjarni Ásgeirsson  
Arni Einarsson  
Þorstinn Einarsson  
Guðlaugur Davíðsson

Arni Einarsson dró framboð sitt til baka.

Ævar Þorsteinsson lagði til að stjórn KAÍ sendi reikninga sambandsins til löggilts endurskoðenda og að kosning endurskoðenda yrði felld niður. Stungið var þá upp á Ævari sem endurskoðanda, en hann dró sig út. Stungið var upp á ýmsum aðilum sem dróu sig jafnharðan til baka. Loks var samþykkt að Einar og Kári Rafn yrðu endurskoðendur.

Endurskoðendur:

Einar Guðbrandsson  
Kári Rafn Rafnsson

Fulltrúar á Íþróttabing:

Ekki var talið þörf á að kjósa fulltrúa á Íþróttabing.  
Vísað til stjórnar að tillögu Karls Gauta Hjaltasonar.

Kristín Einarsdóttir mótmælti því að hafa ekki fengið fundarboð. Karl Gauti svaraði því að menn gætu borið sig eftir því. Arni Einarsson tók til máls, um að menn séu ekki í stjórn nema þeir geti það. Kári Rafn Rafnsson tók til máls og benti á að það væri hringt í menn í HSK, og að það þyrfti að minna menn á fundinn.

#### 12. Kjосnir 3 menn í karatedómstól og 3 til vara.

Ævar Þorsteinsson  
Hannes Hilmarsson  
Árni Einarsson

#### 13. Kosning karatemyndar ársins.

Stjórn KAÍ bar upp tillögu um Karateljósmýnd ársins. Myndin var tekin af Bjarna Eiríkssyni á Morgunblaðinu. Hún var samþykkt eftir umræður um gæði myndarinnar.

Ævar kom með spurningu um framboð á myndum. Karl Gauti svaraði því til, að sérhver mynd af íslenskum keppendum væri leyfileg í sambandi við val myndarinnar.

Ævar kom með ábendingu um að leyta til Miðlunar um að fá allt um karate safnað saman. Karl Gauti svaraði og sagði ábendinguna of dýra.

#### 14. Karatemaður ársins.

Karl Gauti Hjaltason lagði fram tillögu um að Karatemaður ársins yrði kosinn á þinginu. Hann vildi gera þetta á Ársþingi en ekki að hann yrði valinn af stjórninni. Atli Erlendsson benti á að hafa þetta ekki sem tillögu, heldur sem kosningu. Karl Gauti benti á, að val sé eftir árangri erlendis og las upp árangur helstu keppnismanna. Úrslit urðu þau að Árni Einarsson sigraði með yfirburðum.

#### 15. Þingslit

Karl Gauti Hjaltason, formaður KAÍ, sleit þinginu.

Þingritari,

---

Hjalti Kristjánsson.

Samþykki þingforseta,

---

Hannes Hilmarsson / Einar Guðbrandsson